

## **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fýsileikakönnun á stuðningi við uppbyggingu sólarsella**

Borgarstjórn samþykkir að beina því til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að skoða fýsileika þess að styðja við uppsetningu sólarsella á heimilum í Reykjavík.

### **Greinargerð**

Ef yfirvöld ætla sér að mæta yfirlýstum loftslagsmarkmiðum og standa undir orkuskiptunum er ljóst að frekari orkuöflunar er þörf. Samkvæmt sviðsmyndum Samorku þyrfti að byggja það sem nemur þremur Kárahnjúkavirkjunum til að ná fullum orkuskiptum í landi, sjó og lofti en þá er ekki meðtalin áætluð orkuþörf hins almenna markaðar og stórnotenda í framtíðinni. Til lengri tíma litið er nauðsynlegt að huga að fjölgun virkjana sem og byggingu vindmyllugarða. Slíkum fjárfestingum fylgir þó hár stofnkostnaður og uppbygging þeirra getur tekið langan tíma. Aftur á móti hafa örar tækniframfarir í gerð sólarsella gert þær mun kröftugri, harðgerðari og hagkvæmari en áður og í krafti fjölda húspaka má koma uppi öflugu neti sólarsella með mikla framleiðslugetu á tiltölulega stuttum tíma. Því er það orðið sífellt útbreiddara erlendis að yfirvöld séu með eitthvers konar niðurgreiðslukerfi til að styðja við kaup íbúa á sólarsellum bæði til einkanota og til að selja framleidda umframorku aftur inn á almenn dreifikerfi. Þótt lönd eins og Kína og Þýskaland hafi lengst af verið leiðandi í slíkri orkuframleiðslu í samvinnu við almenning, verða sólarsellur sívinsælli á mun norðlægari slóðum. Norðurlöndin hafa unnið markvisst að því að hvetja íbúa til að setja upp sólarsellur á hús sín með opinberum niðurgreiðslum undanfarin ár. Norsk fyrirtæki hafa líka haslað sér völl sem framleiðendur sólarsella á alþjóðamarkaði og Noregur býr nú yfir 20.216 sólarsellum sem hafa samanlagt uppsett afl upp á 373 MW en langflestar þessara sólarsella liggja á þökum norskra heimila og þá nokkrar saman. Haldi sú fjölgun áfram á sama hraða er áætlað að uppsett afl Noregs nái 4.943 MW fyrir árið 2028. Til að setja það í samhengi er uppsett afl Kárahnjúkavirkjunar 690 MW og Búrfellsvirkjunar 270 MW.

Þó ber að hafa í huga að framleiðsla rafmagns frá sólarsellum er að sjálfsögðu mismikil og árstíðabundin. Á Norðurlöndunum sérstaklega framleiða heimilin mikla umfram orku yfir sólríkari mánuði sem þau selja inn á almenna dreifikerfið en þurfa svo meðgjöf á dimmasta tímanum. Því má hugsa sér sólarorkuframleiðslu sem orkulind reykvískra heimila til viðbótar við orkuframleiðsluflóruna.

Í fýsileikakönnun þarf m.a. að huga að því hvort einhver skipulagsatriði standa í vegi fyrir uppsetningu sólarsella á húspökum eða í gördum, hvernig best væri að standa að samtengingu sólarsella við hið almenna orkukerfi og hvernig best væri að standa að kaupum og sölu á raforku milli heimila og orkufyrirtækja því að kaupandi orkunnar er ekki endilega sá sami og selur viðkomandi heimili orkuna.